

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 25. september kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 790. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Ólafur Melsted, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hulda Einarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Birkir Ingibjartsson, Sólveig Sigurðardóttir, Haukur Hafliði Nínuson og Hildur Gunnarsdóttir..

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Urðarstígur 16A, Steinsteypt einbýlishús,** (11.864.05) Mál nr. BN058084
tvær hæðir og ris. Skjalnr. 11893
Guðmundur Már Ástþórsson, Hilmisgata 3, 900 Vestmannaeyjar
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt einbýlishús, tvær hæðir og ris, á lóð nr. 16A við Urðarstíg.
Erindi fylgir hæðablað dags. mars 2006 og mæliblað dags. 30. júlí 2014, einnig umsögn Minjastofnunar dags. 27. apríl 2020 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2020. Stærð: 158,6 ferm., 453,9 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
- Víðimelur 29, Breyting - úti og inni - fimm** (15.411.01) Mál nr. BN058043
sjálfstæðar íbúðir. Skjalnr. 13005
Friðbert Friðbertsson, Nýhöfn 7, 210 Garðabær
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og gera fimm sjálfstæðar íbúðir í húsinu, fjarlægja reykhláf sem snýr að götuhlið, stækka svalir, síkka glugga í kjallara og setja nýja kvisti og þakglugga á hús á lóð nr. 29 við Víðimel.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á útliti hússins, bréf Minjastofnunar dags. 2. júlí 2020 og skýrsla um íbúðaskoðun dags. 16. september 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. september 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2020. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Víðimel 27, 30 og 31 og Reynimel 26, 28 og 32.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

3. **Laugarnesvegur 74A og Hrístateigur 47,** (01.346.0) Mál nr. SN200125
(fsp) hækkun húsa Skjalnr. 10429
701205-2860 Steinabrekka ehf., Vatnsstíg 19, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. september 2020 var lögð fram fyrirspurn Steinbrekku ehf. dags. 19. febrúar 2020 um hækkun húsa á lóðunum nr. 74A við Laugarnesveg og 47 við Hrístateig um eina hæð og eina inndregna hæð, samkvæmt tillögu dags. 17. febrúar 2020. Einnig er lagt fram skuggavarp dags. 4. febrúar 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Björns Haukssonar dags. 26. ágúst 2020 þar sem óskað er eftir að fyrirspurn verði tekin fyrir á fundi skipulags- og samgönguráðs. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. september 2020, samþykkt.
4. **Reykjavíkurvegur 31B, (fsp) afmörkun** (06.355) Mál nr. SN190294
lóðar Skjalnr. 14131
Aron Ingi Óskarsson, Laugalækur 1, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. september 2020 var lögð fram fyrirspurn Arons Inga Óskarssonar dags. 14. maí 2019 um afmörkun lóðar að Reykjavíkurvegi 31B. Einnig eru lögð fram drög að lóðarblöðum dags. 31. mars 2019 og afsalsbréf dags. 24. október 1964. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjanda er gert að hafa samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lögð fram að nýju ásamt bréfi skrifstofu sviðsstjóra, dags. 25. september 2020.
Lagt fram bréf skrifstofu sviðsstjóra, dags. 25. september 2020.
5. **Bryggjuhverfi, spennistöð við** (04.0) Mál nr. SN200589
Tangabryggju, breyting á deiliskipulagi Skjalnr. 7634
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvégi 152, 104 Reykjavík
501213-1870 Veitur ehf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 22. september 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóðar fyrir spennistöð við Tangabryggju. Í breytingunni felst að lóð spennistöðvar er stækkuð, færð til og byggingarmagn skilgreint, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 21. september 2020
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Tangarbryggju 13-15 og 13a og Gjúkabryggju 4

Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
6. **Gufunes, framkvæmdaleyfi** (02.2) Mál nr. SN200574
Skjalnr. 7808
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. september 2020 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 17. september 2020 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu göngustígs í Gufunesi. Einnig er lagður fram uppdr. VSÓ ráðgjafar dags. 17. september 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. september 2020.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. september 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

7. **Kjalarnes, Kollafjörður, Álfsnes, Úlfarsfell og Suðurlandsvegur, framkvæmdaleyfi vegna lagningu ljósleiðarakerfis** Mál nr. SN200564 Skjalnr. 10189
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. september 2020 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 15. september 2020 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu ljósleiðarakerfis í dreifbýli Reykjavíkur þ.e. Kjalarnes, Kollafjörð, Álfsnes, sunnan Úlfarsfells og á nokkrum stöðum við Suðurlandsveg, samtals alls 136 staðir sbr. staðfangalista Eflu. Einnig eru lagðir fram uppdættir Eflu dags. 9. júlí 2020 og verkáætlun ódags. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
8. **Suður Mjódd, breyting á deiliskipulag** (04.91) Mál nr. SN200543 Skjalnr. 8101
Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar er varðar lóðina Álfabakka 4 sem felst í að skipta henni í tvær lóðir sem fengu þá heitin Álfabakki 4 og 6, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð, dags. 25. september 2020. Breytingin er tilkomin vegna vilrðis um lóðarúthlutun fyrir starfsemi Garðheima í Breiðholti sbr. samþykki Borgarráðs í júní 2020.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
9. **Bárugata 14, Breyta og hækka mæni og útveggi** (11.362.21) Mál nr. BN058038 Skjalnr. 14209
Benedikt Skúlason, Bárugata 14, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta og hækka mæni og útveggi á þakrými þannig að fáist portbyggð hæð í risi í húsi á lóð nr. 14 við Bárugötu.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Blesugróf 30 og 32, breyting á deiliskipulagi** (01.885.3) Mál nr. SN200595 Skjalnr. 13691
Lögð fram drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðanna nr. 30 og 32 við Blesugróf.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
11. **Brekkustígur 3A, (fsp) viðbygging og svalir** (01.134.1) Mál nr. SN200537 Skjalnr. 14332
Arndís Kristjánsdóttir, Brekkustígur 3A, 101 Reykjavík
Birta Fróðadóttir, Álafossvegur 27, 270 Mosfellsbær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. september 2020 var lögð fram fyrirspurn Arndísar Kristjánsdóttur dags. 21. ágúst 2020 um að gera viðbyggingu á einni hæð, 2,5 m út í bakgarð, aftan við húsið nr. 3A við Brekkustíg og gera svalir af 2. hæð ofan á viðbygginguna. Fáist samþykki lóðarhafa Brekkustígs 3 er óskað eftir að sorphirða verði í gegnum innkeyrslu Brekkustígs 3. Heildarstækkun breytinga væri 32 m². Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.

12. **Nýlendugata 34, breyting á skilmálum deiliskipulags** (01.130.2) Mál nr. SN200599
Skjalnr. 13702
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á skilmálum deiliskipulags Nýlendureits, með síðari breytingum, vegna lóðar nr. 34 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst að ekki er gerð krafa um að bílastæði fylgi íbúðum hússins, samkvæmt tillögu Arkþings - Nordic ehf. dags. 24. september 2020.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs.
13. **Seljavegur 2, Fjölbýlishús - S4 - S8, 102 íbúðir, verslun- og þjónusta auk bíla- og geymslukjallara.** (11.301.05) Mál nr. BN058098
Skjalnr. 7418
620617-2370 Grandinn - Íbúðafélag ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús á sex hæðum, mhl-05, á reitum S4-S8, samtals 102 íbúðir, verslunar- og þjónusturými á 1. hæð og bíla- og geymslukjallara á lóð nr. 2 við Seljaveg.
Erindi fylgir greinagerð Mannvits um hljóðvist, útg. 1.0, dags. 25. ágúst 2020, lóðauppráttur dags. 19. ágúst 2019, hæðablað dags. 4. mars 2020 og forteikningar hönnuða dags. 25. ágúst 2020. Einnig minnisblað frá hönnuði og varmatapsútreikningar dags. 3. september 2020, brunahönnun frá Brunahönnun slf., dags. 3. september 2020, minnisblað Eflu um fjölda bílastæða á Seljavegi 2 dags. 8. júní 2020 og samþykki eigenda dags. 25. ágúst 2020, greinagerð lóðahönnuðar ódagsett, minnisblað hönnuða um breidd bílastæða dags. 17. september 2020, ódagsett bréf hönnuðar með yfirliti yfir breytingar og minnisblað hönnuðar vegna aðkomu viðbragðsaðila á byggingartíma dags. 17. september 2020. Stærðir: 10.268,3 ferm., 34.402,0 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Akurgerði 15, Svalalokun, pallur, þakgluggar o.fl.** (18.132.15) Mál nr. BN058190
Skjalnr. 14349
Simon David Knight, Akurgerði 15, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að færa og stækka kvisti og setja svalalokanir á svalir í risi til suðurs, bæta við þakgluggum á norðurþekju, setja nýtt þak og skyggni yfir anddyri og kjallaratröppur, síkka glugga úr borðstofu og gera þar þrefalda hurð út á nýjan sólpall og tröppur af honum niður í garð auk smávægilegra breytinga á innra skipulagi í risi í sambýlishúsi á lóð nr. 15 við Akurgerði.
Stækkun x.xx ferm., x.xx rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Ármúli 38, (fsp) breyting á notkun hluta hússins** (01.295.1) Mál nr. SN200569
Skjalnr. 13557
Jón Guðmundsson, Lágaleiti 13, 103 Reykjavík
650417-1780 JIG Málun ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Jóns Guðmundssonar dags. 16. september 2020 um að breyta notkun hluta 2. og 3. hæðar hússins á lóð nr. 38 við Ármúla. Annarsvegar rými merkt 0202 úr hárgreiðslustofu í íbúð og hins vegnar rými 0302 úr skrifstofu í íbúð, samkvæmt uppdr. Jóns Guðmundssonar dags. 15. september 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. september 2020, samþykkt.

16. **Faxafen 9, (fsp) stækkun húss** (01.463.3) Mál nr. SN200478
Skjalnr. 7626
Jón Magnús Halldórsson, Blómvellir 16, 221 Hafnarfjörður
Lögð fram fyrirspurn Jóns Magnúsar Halldórssonar dags. 21. júlí 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 9 við Faxafen um 20 m², samkvæmt skissum ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. september 2020, samþykkt.
17. **Logafold 90, (fsp) stækkun húss** (02.877.1) Mál nr. SN200547
Skjalnr. 14342
Guðmann Ólafsson, Logafold 90, 112 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Guðmanns Ólafssonar og Kristjönu Knudsen dags. 31. ágúst 2020 um stækkun hússins á lóðinni nr. 90 við Logafold sem felst í að gera viðbyggingu aftan við húsið sem tengir saman íbúðarhús og bílskúr, samkvæmt skissu ódags. Einnig er lagt fram samþykki eigenda að Logafold 74 og 88 og hluta eigenda að Logafold 92 dags. í júlí 2020. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. september 2020, samþykkt.
18. **Gefjunarbrunnur 14, Tvíbýlishús** (26.954.06) Mál nr. BN057840
Skjalnr. 14105
441007-1320 Fagmót ehf., Laufbrekku 3, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. júlí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júlí 2020 þar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir steinsteypu tvíbýlishúsi á lóð nr. 14. við Gefjunarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.
Erindi fylgir afrit af hæða- og mæliblaði, afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020 og tillaga að breytingum m.t.t. algildrar hönnunar dags. 21. júní 2020. Stærðir: 1. hæð: 104,0 ferm., 309,9 rúmm., 2. hæð: 129,2 ferm., 445,7 rúmm. Samtals: 233,2 ferm., 783,3 rúmm. Bílastæði í B-lokun: 34,0 ferm., 101,3 rúmm. Svalir í C-lokun: 7,5, ferm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.
19. **Tjarnargata 30, (fsp) stækkun húss** (01.142) Mál nr. SN200546
Skjalnr. 12910
Nathaniel Berg, Bandaríkin,
Lögð fram fyrirspurn Nathaniels Bergs dags. 2. september 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 30 við Tjarnargötu sem um nemur anddyri hússins, samkvæmt uppdr. Nexus arkitekta ehf. dags. 2. september 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. september 2020, samþykkt.
20. **Seljavegur 1B, (fsp) bílastæði og hleðslustöð** (01.130.2) Mál nr. SN200560
Skjalnr. 13537
Thor Aspelund, Seljavegur 1B, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. september 2020 var lögð fram fyrirspurn Thors Aspelund dags. 14. september 2020 ásamt bréfi dags. 14. september 2020 um að setja bílastæði og hleðslustöð á lóð nr. 1B við Seljaveg þ.e. í húsasundi milli lóðanna Seljavegur 1B og Nýlendugötu 34. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.
21. **Bragagata 23, Svalir - þakgluggi** (11.862.23) Mál nr. BN057754
Skjalnr. 13760
Hrafnkell Flóki K. Einarsson, Bragagata 23, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að setja svalir á vesturgafli íbúða 0101 og 0201 og bæta við þakglugga á suðurþekju íbúðarhúss á lóð nr. 23 við Bragagötu. Erindi var grenndarkynnt frá 25. ágúst 2020 til og með 22. september 2020. Engar athugasemdir bárust.

Erindi fylgir ódagsett samþykki meðeigenda og afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. maí 2020, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 7. júlí 2020 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 14. júlí 2020.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

22. **Jötnaborgir 12, (fsp) - Breyta í tvær** (23.406.03) Mál nr. BN058182
séreignir Skjalnr. 10065

Ragnar Harald Reynisson, Jötnaborgir 12, 112 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. september 2020 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til þess að skipta í tvær séreignir íbúðareign 0204 og tilheyrandi bílskúr, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 12 við Jötnaborgir. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.

Neikvætt. Samræmist ekki deiliskipulagi, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.

23. **Starhagi 5, ósk um umsögn - 2020090252** (01.53) Mál nr. SN200586
Skjalnr. 14348

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar dags. 17. september 2020 vegna umsóknar um hæsnahald á lóð nr. 5 við Starhaga, en óskað er eftir umsögn um hvort heimilt er að vera með hæsnakofa upp við lóðarmörk og að gerði fari út fyrir lóð, samkvæmt skissu á afstöðumynd ódags.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

24. **Dunhagi, Hjarðarhagi og Tómasarhagi,,** Mál nr. SN200207
deiliskipulag Skjalnr. 8534

Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 2. október 2018 um nýtt deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst m.a. niðurrif og uppbygging á lóð nr. 18-20 við Dunhaga auk bílskúrshemilda á þremur lóðum, samkvæmt deiliskipulags- og skuggavarsuppr. THG Arkitekta ehf. dags. 25. júní 2020. Einnig er lögð fram húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 196 frá 2019. Tillagan var auglýst frá 17. júlí 2020 til og með 31. ágúst 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Anna Guðmundsdóttir dags. 20. ágúst 2020, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, Salvör Jónsdóttir og Jóhann Friðriksson dags. 28. ágúst 2020, Sólveig Jónsdóttir, Sigurður Á. Þráinsson, Halldór Árnason, Anna Björg Eyjólfsdóttir, Friðrik Árni Halldórsson, Marta María Halldórsdóttir og Ingibjörg Jóna Halldórsdóttir dags. 30. ágúst 2020, Eyvindur Árni Sigurðarson dags. 30. ágúst 2020, Snjólaug Árnadóttir dags. 31. ágúst 2020, Soffía Óladóttir dags. 31. ágúst 2020, Einar Ólafsson dags. 31. ágúst 2020 og Bjarki Már Baxter hjá Málþingi lögmannsstofu f.h. sjálf síns, Einars Ólafssonar, Gunnhildar Stefánsdóttur, Arnars Vilmundarsonar og Signýjar Sifjar Sigurðardóttur dags. 31. ágúst 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. september 2020 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

25. **Grímshagi 8, Byggja tvöfaldan bílskúr** (15.542.05) Mál nr. BN057819
Skjalnr. 14275

Dóra Gunnarsdóttir, Grímshagi 8, 107 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tvöfaldan bílskúr úr staðsteyptri steypu með timburþaki með þakdúk á lóð nr. 8 við Grímshaga, samkvæmt uppdr. Mansard teiknistofu ehf. dags. 10. júní 2020. Einnig er lagður fram aðaluppdr./afstöðumynd dags. 26. júlí 2020 og skuggavarpuppdr. Mansard teiknistofu ehf. dags. 6. ágúst 2020. Erindi var grenndarkynnt frá 25. ágúst 2020 til og með 22. september 2020. Engar athugasemdir bárust.

Stærð viðbyggingar er: 48 ferm., 129,6 rúmm. Gjald kr. 11.200

Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

26. **Skerplugata 9, Breyta bilageymslu í vinnustofu** (16.363.09) Mál nr. BN058172
Skjalnr. 13734

Ragnheiður Tryggvadóttir, Skerplugata 9, 102

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta útliti þannig að gluggi er settur í stað bílskúrshurðar og til að innrétta vinnustofu í bílskúr einbýlishúss á lóð nr. 9 við Skerplugötu.

Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

27. **Sólvallagata 23, Nýr bílskúr** (01.162.002) Mál nr. BN056808
Skjalnr. 11282

Brynjólfur Stefánsson, Sólvallagata 23, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr klæddan að utan með timburborðum á lóð nr. 23 við Sólvallagötu. Erindi var grenndarkynnt frá 18. ágúst 2020 til og með 15. september 2020: eftirtaldir sendu athugasemdir: Margrét J. Gísladóttir dags. 6. september 2020 og Björgvin Guðmundsson dags. 10. september 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. september 2020 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. janúar 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 27. janúar 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. júní 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2020. Stærð bílskúr er : 36,0 ferm., 111,5 rúmm. Gjald kr. 11.200

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa sbr. a- lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020.

28. **Mosfellsbær, skipulagslýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags** Mál nr. SN200588
Skjalnr. 6368

470269-5969 Mosfellsbær, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær

Lagt fram erindi skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dags. 18. september 2020 þar sem óskað er eftir umsögn við skipulagslýsingu Arkís arkitekta ehf., dags. 7. september 2020, vegna endurskoðunar aðalskipulags Mosfellsbæjar

Vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir